

# Samþykktir

## 1. Tilgangur og viðfangsefni.

- 1.1. Fjölís er hagsunafélag samtaka sem koma fram fyrir hönd rétthafa að verkum sem njóta höfundaréttarverndar og nýtt eru með ljósritun eða annarri hliðstæðri eftirgerð rita. Fjölís hefur það ekki að markmiði að safna eignum í eigin þágu. Heimili Fjölís og varnarþing er í Reykjavík.
- 1.2. Fjölís hefur eftirfarandi viðfangsefni í samræmi við tilgang sinn:
  - 1.2.1. Safnar upplýsingum og gerir tillögur um aðgerðir til að bæta hagsmuni rétthafanna.
  - 1.2.2. Innheimtir og skiptir á greiðslum sem inntar eru af hendi sem endurgjald fyrir ljósritun eða aðra hliðstæða eftirgerð.
  - 1.2.3. Annast skipti á greiðslum við hliðstæð samtök erlendra rétthafa.
  - 1.2.4. Samhæfir kröfur aðildarfélaganna og annast samningaviðræður og semur fyrir þau á þessu sviði.
- 1.3. Aðildarfélagi er ekki skylt að fela Fjölís neina aðra hagsmunagæslu en samninga um innheimtu á endurgjaldi fyrir afnot verndaðra verka í skólum með ljósritun eða á annan hliðstæðan hátt.

## 2. Aðild.

- 2.1. Sérhvert félag sem umboð hefur til að gera samninga fyrir félagsmenn sína um samþykki og skilyrði fyrir fjölföldun getur sótt um aðild að Fjölís.
- 2.2. Rétt til inngöngu í félagið eiga hagsmunasamtök höfunda og útgefenda sem réttmætt tilkall eiga til greiðslu fyrir ljósritun verndaðra verka sbr. grein 1.1 og sýna fram á að fari sannanlega með umsýslu réttinda meirihluta rétthafa/félagsmanna á sínu sviði og að sannanlega sé um verulega hagsmuni að ræða. Fulltrúaráðsfundir fjalla um aðildarumsóknir og þarf samþykki 2/3 aðildarféлага til að öðlast inngöngu. Synjun á aðild þarf að rökstyðja með skýrum hætti. Slíka ákvörðun má bera undir dómstóla skv. ákvæðum laga um meðferð einkamála sbr. grein 3.11.
- 2.3. Úrsögn skal tilkynna með minnst 6 mánaða fyrirvara miðað við áramót. Aðili sem tilkynnt hefur úrsögn er þó bundinn af samningum Fjölís á úrsagnartímabilinu.
- 2.4. Aðildarfélag Fjölís geta fellt úr gildi heimild til að hafa umsjón með réttindum, flokkum réttinda eða tegundum verka og afturkallað slík réttindi með 6 mánaða fyrirvara. Aðildarfélag eiga ekki rétt á greiðslum skv. ofangreindu eftir að því tímabili lýkur, sbr. þó gr. 4.3.

### 3. Skipulag.

3.1. Hvert aðildarfélag tilnefnir einn aðalmann og einn til vara í fulltrúaráð Fjölís. Varamenn hafa rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt. Aðildarfélögin tilkynna Fjölís skriflega um fulltrúa sína. Tilkynningin gildir þar til hún er afturkölluð skriflega.

3.2. Aðalviðfangsefni fulltrúaráðsins eru þessi:

3.2.1. að ákveða í aðalatriðum starf og stefnu Fjölís skv. 1. kafla og þarf  $\frac{3}{4}$  atkvæða til ákvarðana.

3.2.2. að hafa eftirlit með starfsemi Fjölís.

3.2.3. að velja stjórn fyrir Fjölís.

3.3. Fulltrúaráðið skal koma saman árlega. Skal fundurinn haldinn í síðasta lagi í maí, ár hvert og er hann aðalfundur Fjölís. Á aðalfundi skal taka fyrir:

3.3.1. skýrslu stjórnar, þ.m.t. skýrslu um framkvæmd eftirlits sbr. gr. 3.9.

3.3.2. afgreiðslu endurskoðaðra reikninga

3.3.3. kosningu formanns fulltrúaráðsins úr hópi tilnefndra fulltrúa

3.3.4. tilnefningu stjórnar og varamanna, endurskoðun á frammistöðu þeirra og yfirlita um hagsmunaskrá auk staðfestingar launa þeirra og annarra starfskjara

3.3.5. tilnefning löggilts endurskoðanda

3.3.6. breytingar á samþykktum Fjölís

3.3.7. almenna stefnu um úthlutun réttindagreiðslna til rétthafa,

3.3.8. almenna stefnu um fjárfestingastefnu með tilliti til réttindatekna og arðs af fjárfestingu þeirra

3.3.9. almenna stefnu um frádrátt frá réttindatekjum og arðs af fjárfestingu þeirra

3.3.10. notkun óráðstafanlegra fjárhæða

3.3.11. áhættustýringarstefnu

3.3.12. önnur mál

Fulltrúaráðið kemur annars saman þegar stjórnin, endurskoðendur eða a.m.k. þrjú aðildarfélög óska þess.

3.4. Fulltrúaráðið skal boða til fundar með skriflegu fundarboði með minnst viku fyrirvara. Geta skal dagskrár í fundarboði. Tillögur til aðalfundar skulu berast eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund.

3.5. Með móttöku greiðslna frá Fjölís undirgangast aðildarfélög kröfur sem gerðar eru til umsýslustofnana skv. lögum um sameiginlega umsýslu höfundaréttar nr. 88/2019. Í kröfunum felst m.a. samning gagnsæisskýrslu til samræmis við 23. gr. laganna, sbr. viðauka með lögunum og skylda til birtingar hennar að samþykkt lokinni á aðalfundi. Aðildarafélög skulu jafnframt uppfylla kröfur skv. III. kafla laganna, um umsýslu réttindatekna, 4. mgr. 18. gr. um úthlutun innan sex mánaða, 1.-6. tl. 5. mgr. 6. gr. um möguleika rétthafa til að samþykkja meðferð innheimtra fjármuna og 3. mgr. 19. gr. um að gera upplýsingar um úthlutun, aðgengilegar rétthöfum að lágmarki árlega. Þá eiga ákvæði 36. gr. laganna einnig við um eftirlit ráðuneytis sem fer með málefni höfundaréttar og viðurlög skv. 37. gr. Fjölís ber skylda til að birta umræddar skýrslur á vef sínum einnig. Vegna þess er gerð sú krafa á aðildarfélögin að senda Fjölís þær til birtingar á fyrstu þremur mánuðum hvers árs enda þurfa þær að liggja fyrir fyrir aðalfund Fjölís sem haldinn er í síðasta lagi í maí ár hvert. Berist skýrslur ekki innan tímamarka er Fjölís heimilt að halda eftir úthlutun þar til skýrsla berst.

- 3.6. Fundinum stjórnar formaður fulltrúaráðsins. Á fulltrúaráðsfundi verður ekki ályktað um mál, sem ekki er getið í fundarboði. Ákvarðanir skulu teknar með meirihluta atkvæða, sé annað ekki sérstaklega ákveðið. Halda skal fundargerð.
- 3.7. Stjórn samtakanna skipa í upphafi fjórir menn og fjórir varamenn þeirra, en þeim skal síðan fjölga í sjö eftir því sem aðildarfélögum fylgja. Hvert aðildarfélag skal tilnefna einn aðalmann og varamann hans. Þegar aðildarfélögin eru orðin fleiri en sjö skulu þau félög er mestra hagsmuna hafa að gæta tilnefna hvert sinn mann í stjórn ásamt varamanni hans, en hin aðildarfélögin kjósi sín á milli um tvo fulltrúa til viðbótar. Stjórnin velur sér formann og varaformann.
- 3.8. Stjórnin stýrir starfsemi Fjölís. Formaður boðar til stjórnarfunda með 7 daga fyrirvara. Boða má til stjórnarfunda að ósk eins stjórnarmanns. Fundarboð skal vera skriflegt og þar greint fundarefni. Senda skal fundarboð til stjórnarmanna og ennfremur til fulltrúaráðsins og aðildarfélaganna.
- 3.9. Hver stjórnamaður hefur eitt atkvæði. Stjórnarfundur er lögmætur þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund eða varamenn þeirra. Meirihluta atkvæða þarf til allra ákvarðana. Atkvæði formanns ræður þegar atkvæði eru jöfn. Rita skal fundargerðir á stjórnarfundum og senda afrit af þeim jafnóðum, fulltrúaráði og aðildarfélögum.
- 3.10. Stjórn skipuleggur skrifstofu Fjölís og veitir umboð. Formaður stjórnar annast starfsmannahald, þ.m.t. samninga um laun og önnur starfskjör og hefur eftirlit með starfi og frammistöðu starfsmanna félagsins.
- 3.11. Stjórnarmenn hafa málfrelsi og tillögurétt í fulltrúaráðinu. Sá sem annast daglega framkvæmdastjórn hefur einnig málfrelsi og tillögurétt á stjórnarfundum.
- 3.12. Ágreining milli aðildarfélaganna eða milli aðildarfélaganna og Fjölís, sem og annan ágreining um starfsemi Fjölís má leggja fyrir héraðsdóm skv. ákvæðum laga um meðferð einkamála.

#### **4. Meðferð fjármála.**

- 4.1. Fé sem Fjölís innheimtir skal varðveita, skipta og leggja til hliðar samkvæmt samþykktum þessum og þeim meginreglum sem fulltrúaráðið ákveður.
- 4.2. Samkvæmt ákvörðun í stefnu um umsýslukostnað skal leggja til hliðar af tekjum ákveðna fjárhæð til að greiða rekstrarkostnað Fjölís vegna hvers viðfangsefnis fyrir sig. Ekki er um annan frádrátt að ræða en vegna rekstrarkostnaðar sem fellur til vegna hefðbundins rekstrar.
- 4.3. Fjölís ábyrgist allar kröfur sem fram kunna að koma frá handhöfum höfundaréttar eða höfundaréttarsamtökum sem standa utan Fjölís og réttmætt tilkall eiga til greiðslu fyrir ljósritun verndaðra rita í skólum. Í þessu skyni skal leggja í varasjóð 10% af vergum tekjum Fjölís. Þegar höfuðstóll sjóðsins er orðinn 500.000 kr. miðað við núverandi verðlag falla greiðslur til hans niður. Sé gengið á höfuðstól sjóðsins skulu greiðslur til hans hefjast á ný skv. sömu reglum.
- 4.4. Greiðslur sem fallnar eru í gjalddaga, skal innheimta þegar í stað. Endurgjaldi fyrir afnot skal skipta eins fljótt og unnt er, eigi síðar en sex mánuðum eftir innheimtu. Eftir að lagt hefur verið til hliðar vegna reksturskostnaðar, skal greiða það sem eftir er þeim aðildarfélögum sem rétt eiga til fjárens í þeim mæli sem félögin eru sammála um

- skiptinguna. Hafi stjórnin gert samþykkt um skiptingu milli aðildarfélaganna skal ekki inna greiðslur af hendi fyrir en yfirlýsingar hafa verði gefnar um að sátt sé um skiptinguna.
- 4.5. Þegar tekjur eru innheimtar vegna notkunar á íslensku efni erlendis og systursamtök Fjölís senda skilagreinar með nafngreindum rétthöfum, úthlutar Fjölís viðkomandi rétthafasamtökum greiðslunum, sem úthlutar þeim áfram til rétthafa sbr. grein 15 í lögum nr. 88/2019. Engin umsýslugjöld eru tekin af slíkri úthlutun hjá Fjölís.
  - 4.6. Þegar aðildarfélögin eru ósammála um skiptingu á aðildarfélag rétt á að láta fulltrúa sinn gera grein fyrir málinu í stjórninni.
  - 4.7. Þrátt fyrir ákvæði greinar 4.4. er Fjölís þó heimilt, með samþykki meirihluta stjórnar, að úthluta aðildarfélögum 80% endurgjalds að frádregnum rekstrarkostnaði, í áður umsömdu hlutfalli, þrátt fyrir ágreining, gegn leiðréttingu sem fram skal fara þegar sátt milli aðildarfélaganna liggur fyrir.
  - 4.8. Taki Fjölís að sér önnur viðfangsefni en getur í 1.3. skal kostnaður af þeim borinn uppi af tekjum af hinum nýju viðfangsefnum og aldrei má nota tekjur af einu viðfangsefni til að greiða kostnað af öðru viðfangsefni.

## **5. Breytingar á samþykktum. Félagsslit.**

- 5.1. Samþykktir þessar taka gildi þegar ráðherra hefur staðfest þær.
- 5.2. Til breytinga á samþykktum þarf  $\frac{3}{4}$  hluta atkvæða á aðalfundi, þar sem fulltrúar fyrir að minnsta kosti  $\frac{4}{5}$  hluta aðildarfélaganna eru mættir.
- 5.3. Fulltrúaráðið skal slíta Fjölís ef þess er krafist af  $\frac{3}{4}$  hluta aðildarfélaganna og krafan samþykkt á fulltrúaráðsfundi með atkvæðum að minnsta kosti  $\frac{3}{4}$  hluta allra aðildarfélaganna. Við félagsslit ákveður menntamálaráðuneytið hvernig ráðstafa skal eignum Fjölís til hagsbóta fyrir rétthafana.

**Samþykktum þessum var síðast breytt á aðalfundi fulltrúaráðs Fjölís 19. apríl 2023 og öðluðust þegar gildi.**